



Málefni á dagskrá:

Árshátíð Oddeyrarskóla

Gekk mjög vel. Kom fram ábending frá nemanda að hafa ekki ball síðustu helgi mánaðar, það getur haft áhrif á það hvort fólk á peninga fyrir öllu sem þarf. Það verður skoðað við gerð skóladagatala.

Þrjár sýningar voru á laugardeginum. Rýmra er um fólk í salnum fyrir vikið, minni troðningur og minni hiti í salnum. Minna álag á kaffisölu. Fundargestir sammála um að það sé minna umstang vegna þess að við erum hætt að selja inn á árshátíð. Foreldrar í hópnum ánægðir með fyrirkomulag á kaffisölu. Enginn vill breyta frá hefðinni að hafa árshátíð á laugardegi. Rólegur dagur, hátíðlegur og góður. Ákveða þarf meðal starfsmanna hvernig á að taka á þeim nemendum sem láta ófriðlega á nemendasýningum.

Skóladagatal 2020-2021 – drög til kynningar

Anna Bergrós kynnti skóladagatal. Verður tekið til umræðu og samþykktar á kennarafundi á morgun. Tillaga að árshátíðarballi 5. febrúar. Muna að setja inn skólaferð 10. bekkjar í lok maí. Skoða þarf hvort að færa þarf einn starfsdag í tengslum við viðtöl. Spurning hvort setja þarf Unicef hlaupið og frjálsíþróttamót á skóladagatal? Ekki er víst hvort tvöfaldir dagar verða samþykktir en það kemur í ljós fljótlega.

Lífshlaupið

Anna Bergrós kynnti keppnina. Starfsfólk keppir og eins nemendur. Mikil hvatning - allir hreyfi sig mikið þessa daga sem keppnin stendur. Keppni nemenda frá 5. - 18. febrúar. Starfsfólk keppir 5. - 25. febrúar. Heilsuvikan er í næstu viku.

Fjármál

Anna Bergrós fór yfir fjármál skólans vegna ársins 2019. Gerð er fjárhagsáætlun. Skólinn seldi meira úr mótuneyti, fleiri voru í frístund og meiri tekjur voru vegna leigu á húsnæði en gert var ráð fyrir. Umframtekjur fóru í vörukaup, sá liður fór yfir áætlun. Laun voru aðeins minni er áætlað var. Námsgögn er stór liður, mikið fer í að kaupa öpp í tölvur. Ræða þarf hvað á að kaupa fyrir þann pening og ákveða hversu mikið þarf að kaupa af áskriftum t.d. 123skoli, skólavefur, literacy planet og fleira.

Ekki verður aukning á úthlutun til skóla fyrir þetta ár. Gerð er krafa um að draga saman í rekstri.

Önnur mál

1. Eftirlitsmyndavélar. Það fjármagn er á áætlun fyrir árið 2022, þá 5 milljónir. Ef við viljum fá myndavélarnar fyrr þarf að draga úr öðrum innkaupum. Betra væri ef hverfisnefndin myndi ýta á bæjaryfirvöld að flýta þessari framkvæmd.



-
2. Önnur fjármál. 5 milljónir í skólalóð, hönnunarvinna 2020. Framkvæmd 2021, 30 milljónir. Kemur úr framkvæmdaáætlun Ak. bæjar.
 3. Umræða um skólalóð og mikilvægi þess að fulltrúar skólans komi snemma að hönnunarvinnunni. Umræða um bílaumferð á skólalóð. Anna hefur verið í sambandi við umsjónarmenn framkvæmda hjá bænum.
 4. Ræddum breytingar á kennslustofunni, raungreinastofunni. Það gæti kostað umtalsverða upphæð að taka kennaraeyjuna.
 5. Ræddum sundkennslu á unglingastigi. Meiri ánægja virðist vera í foreldrahópnum og meðal nemenda að hafa kennsluna haust og vor og þriðja íþróttatímamann um miðjan vetur. Mætti hugsanlega vera meira val um íþróttir eða sund hjá 9. og 10. bekk? Á að klára sundstig í 8. bekk? Mikil umræða.
 6. Umræða um áfangaheimili sem áætlað er að setja á fót í Hvannavöllum 10, í húsnæði Hjálpræðishersins.
 7. Nemendur spyrja um trampólín á skólalóð, sérstaklega fyrir boltakrakka. Hafa þarf hugmyndavinnu meðal starfsmanna og nemenda um væntanlega skólalóð.
 8. Nemendur hafa fengið herbergi til afnota og verið er að safna saman allskonar til að hafa það huggulegt. Hugmynd um að mála vegg þar, leyfa nemendum að gera eitthvað fallett á veggina. Möguleiki að hafa þetta á smiðjudögum, gera kannski í samráði við Rósenborg.

Mættir: Anna Bergrós Arnarsdóttir skólastjóri, Rannveig Sigurðardóttir deildarstjóri, Sigurrós Karlsdóttir fulltrúi kennara, Sólveig Styrmisdóttir fulltrúi kennara, Bára Árný Sigþórsdóttir fulltrúi starfsmanna, Arney Ingólfssdóttir fulltrúi foreldra, Jóna Kristín Guðmundsdóttir fulltrúi foreldra, Jósep Pétursson fulltrúi nemenda

Fundarritari: Rannveig Sigurðardóttir